

er hann hefur þegar leyfið er veitt. Ef leyfishafi brýtur geng ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 17.00 til 23.00 mánudaga til föstudaga og laugardaga og sunnudaga frá kl. 09.00 til 23.00. Þó skal vera lokað eftirtalda daga: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag, jóladag, gamlársdag og nýársdag. Þar sem slík tæki eru rekin samhliða veitingarekstri, getur lögreglustjóri heimilað rekstur þeirra meðan veitingastaðurinn er opin. Börnum innan 14 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn á leiktækjastofum skulu ekki vera yngri en 18 ára. Ákvæði 27., 28. og 31. gr. taka til þessa rekstrar eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Njarðvíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. apríl 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurkaupstað,
nr. 649 15. desember 1980.**

1. gr.

26. gr. orðist svo:

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Slíkt leyfi skal ekki veitt lengur en til eins árs í senn. Það skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði, er hann hefur þegar leyfið er veitt. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 17.00 til 23.00 mánudaga til föstudaga og laugardaga og sunnudaga frá kl. 09.00 til 23.00. Þó skal vera lokað eftirtalda daga: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag, jóladag, gamlársdag og nýársdag. Þar sem slík tæki eru rekin samhliða veitingarekstri, getur lögreglustjóri heimilað rekstur þeirra meðan veitingastaðurinn er opin. Börnum innan 14 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn á leiktækjastofum skulu ekki vera yngri en 18 ára. Ákvæði 27., 28. og 31. gr. taka til þessa rekstrar eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Keflavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. apríl 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Akranesi.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum á Akranesi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	4,0%
Raðhús og tvíbýlishús	2,5%
Fjölbýlishús	1,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3,3%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,8%
Opinberar byggingar	4,0%
Aðrar byggingar	2,5%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Í atvinnuhúsnæði skal ætíð, við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds, miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni lægri lofthæð. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

Af bifreiðageymslum skal greiða hálf gjald þeirrar húsagerðar, sem á lóðinni er.

Af gluggalösu kjallarárymi íbúðarhúsa, sem myndast, þegar hagkvæmara er, að mati bygginganefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengið í húsrýmið innan frá.

Jafnframt ofangreindu gjaldi og sem hluti þess skal lóðarhafi greiða kr. 7,30 af hverjum fermetra lóðar, hvort sem bygging er þar á lóð eða ekki.